

1990 nr. 73 18. maí**Lög um eignarrétt íslenska ríkisins að auðlindum hafsbotsins**

Töku gildi 31. maí 1990. Breytt með l. 82/1998 (töku gildi 1. okt. 1998) og l. 101/2000 (töku gildi 6. júní 2000).

■ **1. gr.** Íslenska ríkið er eigandi allra auðlinda á, í eða undir hafsbotninum utan netlaga og svo langt til hafs sem fullveldisréttur Íslands nær samkvæmt lögum, alþjóðasamningum eða samningum við einstök ríki.

□ Hugtakið auðlind samkvæmt lögum þessum tekur til allra ólífrænna og lífrænna auðlinda hafsbotsins annarra en lifandi vera.

□ [Hugtakið netlög merkir í lögum þessum sjávarbotn 115 metra út frá stórstraumsfjöruborði landareignar.]¹⁾

¹⁾ L. 101/2000, 1. gr.

■ **2. gr.** Enginn má leita að eignum til hagnýtingar á, í eða undir hafsbotninum utan netlaga, sbr. 1. gr., nema að fengnu skriflegu leyfi iðnaðarráðherra.

□ [Ráðherra er heimilt að veita leyfishafa fyrirheit um forgang að leyfi skv. 3. gr. í allt að tvö ár eftir að gildistíma leyfis til leitar er lokið og um að öðrum aðila verði ekki veitt leyfi til leitar á þeim tíma.]¹⁾

¹⁾ L. 101/2000, 2. gr.

■ **3. gr.** Óheimilt er að taka eða nýta efni af hafsbotni eða úr honum, sbr. 1. gr., nema að fengnu skriflegu leyfi iðnaðarráðherra.

□ [Iðnaðarráðherra er heimilt að ákvarða eða semja um endurgjald (leigu) fyrir töku eða nýtingu sem hann heimilar skv. 1. mgr. Tekjum af leyfum skal að jafnaði varið til hafsbots- og landgrunnsrannsóknna samkvæmt nánari ákvörðun ráðherra.]¹⁾

¹⁾ L. 101/2000, 3. gr.

■ **4. gr.** Leyfi til hagnýtingar efna á, í eða undir hafsbotni skal bundið við ákveðið svæði og gilda til ákveðins tíma sem ekki má vera lengri en 30 ár. Í leyfisbréfi skal m.a. ætíð greina hverjar ráðstafanir leyfishafi skuli gera til að forðast mengun og spillingu á lífríki láðs og lagar.

□ [Við veitingu leyfa samkvæmt lögum þessum skal gætt ákvæða laga um mat á umhverfisáhrifum.]¹⁾

¹⁾ L. 101/2000, 4. gr.

■ **5. gr.** Með reglugerð skal iðnaðarráðherra setja nánari ákvæði um framkvæmd laga þessara, þar á meðal nánari ákvæði um þau leyfi sem um ræðir í 3. og 4. gr.

□ [Í reglugerð skal tilgreina helstu ákvæði sem fram skulu koma í leyfunum, m.a. um úmalengd leyfis, staðarmörk vinnslusvæða, gerð efnis, magn og nýtingarhraða ef um nýtingarleyfi er að ræða, upplýsingaskyldu og skil gagna, öryggis- og umhverfisráðstafanir, eftirlit og greiðslu kostnaðar af eftirliti og leyfisgjald.

□ Í reglugerð skal einnig kveðið á um þau atriði sem umsækjandi skal tiltaka í umsókn um leitar- og rannsóknarleyfi skv. 2. gr. og í umsókn um vinnsluleyfi skv. 3. gr.]¹⁾

¹⁾ L. 101/2000, 5. gr.

■ **6. gr.** Brot á lögum þessum og reglugerðum, settum samkvæmt þeim, varða sektum eða [fangelsi allt að 2 árum],¹⁾ enda liggja ekki við þyngri refsingar samkvæmt öðrum lögum.

¹⁾ L. 82/1998, 197. gr.

■ **7. gr.** Lög þessi öðlast þegar gildi.

Ákvæði til bráðabirgða.

■ **I.** Þeir, sem við gildistöku laganna taka efni af eða úr hafsbotni, skulu innan sex mánaða sækja um leyfi skv. 4. gr.

■ **II.** Þeir sem hafa leyfi til leitar og hagnýtingar efna á, í eða undir hafsbotni skulu halda þeim í fimm ár frá gildistöku laga þessara.]¹⁾

¹⁾ L. 101/2000, 6. gr.